


**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/338**  
**komudagur 29.11.2002**



Nefndasvið Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík, 26. nóvember 2002

Tilvísun: HÍ02110080/004

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 20. þ.m. þar sem Háskóla Íslands er gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum (354. mál, þskj. 391).

Háskóli Íslands styður að frumvarpið verði að lögum. Þá er sérstaklega tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið, að örugg fræðileg undirstaða er forsenda þeirrar hröðu þróunar sem átt hefur sér stað innan tölvunarfræðinnar. Hin fræðilega undirstaða mótar m.a. starfsheiti þeirra sem afla sér menntunar og þar gegna skilgreiningar á fræðigreinum lykilhlutverki.

Verkfræðideild Háskóla Íslands veitir í samvinnu við aðrar deildir, einkum þó raunvísindadeild, fjölbreytta og breiða menntun á sviði tölvunarfræða í víðum skilningi (e. computer science). Kennslan fer að stærstum hluta til fram innan tölvunarfræðiskorar verkfræðideildar og skiptist þar á tvær línur til fyrstu háskólagráðu, annars vegar B.S.-nám í tölvunarfræði og hins vegar B.S.-nám í hugbúnaðarverkfræði. Meistaránám í tölvunarfræði tekur við eftir fyrstu háskólagráðu og gefur M.S.-gráðu og meistaránám í hugbúnaðarverkfræði gefur kost á starfsheiti verkfræðings. Á þetta er bent hér þar eð B.S.-próf í hugbúnaðarverkfræði er ekki nefnt í 2. gr. frumvarpsins með sama hætti og B.S.-próf í tölvunarfræði. Tillaga er þó ekki gerð um breytingu á frumvarpinu, enda liggur fyrir að viðkomandi geta þá snúið sér til Félags tölvunarfræðinga sem verður umsagnaraðili um lágmarksmenntun.

Virðingarfyllst

Páll Skúlason,  
háskólarektor